

Ríkisendurskoðun

Framkvæmd fjárlaga
árið 1993

Mars 1994

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Helstu niðurstöður	7
Greiðsluafkoma ríkissjóðs	11
Tekjur	15
Tekjur í samanburði við fjárlög og fjáráukalög	15
Samanburður tekna 1993 og 1992	17
Gjöld.....	23
Gjöld í samanburði við fjárlög og fjáráukalög.....	24
Samanburður fjárlaga og fjárheimilda.....	30
Samanburður gjalda 1993 og 1992.....	42
Útgjöld almannatrygginga og Atvinnuleysistryggingasjóðs	47
Launakostnaður ríkissjóðs árið 1993.....	51
Töfluviðauki	52

Inngangur

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun, ber stofnuninni að fylgjast með framkvæmd fjárlaga. Stofnunin gaf í ágúst s.l. úr skýrslu um framkvæmd fjárlaga til loka júní og í nóvember s.l. kom út skýrsla um stöðu mála í septemberlok. Í þeirri skýrslu sem hér birtist er fjallað um framkvæmd fjárlaga allt árið 1993. Gerð er grein fyrir greiðslustöðu ríkissjóðs á árinu og hún borin saman við áætlanir sem og útkomu á árinu 1992. Fjallað er ítarlegar en áður um fjárheimildir og dreifingu þeirra á einstaka fjárlagaliði. Sérstaklega er fjallað um útgjöld almannatrygginga og Atvinnuleysistryggingasjóðs. Loks er rakin hvaða þróun hefur orðið á milli árana 1992 og 1993 hvað varðar fjölda ársverka hjá þeim stofnunum sem launaskrifstofa ríkisins sér um launavinnslu fyrir.

Helstu niðurstöður

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum athugunar á framkvæmd fjárlaga og afkomu ríkissjóðs á árinu 1993.

- Heildarlánsfjárförf ríkissjóðs á árinu 1993 nam 24,9 milljörðum króna samanborið við 23,3 milljarða króna á árinu 1992 að meðtöldum beinum lántökum. Hrein lánsfjárförf var 13,4 milljarðar en þá hefur verið tekið tillit til afborgana af veittum og teknum lánnum. Á árinu 1992 nam hrein lánsfjárförf aftur á móti 9,8 milljörðum króna. Tekin voru lán að andvirði 20,7 milljarða króna og var hlutur innlends lánsfjár um 3/4. Greiðsluafgangur varð 1,4 milljarður króna sem hækkaði handbært fé í árslok sem því nam.
- Greiðsluafkoma af rekstri ríkissjóðs á árinu 1993 var neikvæð um rúma 9,6 milljarða króna og er það um 2 milljörðum króna lakari niðurstaða en árið áður. Fjárlög ársins gerðu ráð fyrir að afkoman yrði neikvæð um liðlega 6,2 milljarða króna. Að teknu tilliti til breytinga á fjárlögum sem samþykktar voru á árinu var áætlað að hallinn yrði 14,1 milljarður króna.
- Tekjur ríkissjóðs á árinu 1993 námu 103,2 milljörðum króna sem um 1,6 milljarði króna meira en áætlanir sögðu til um. Hlutfallslega er frávikið 1,6%. Útgjöld á árinu voru 112,9 milljarðar króna og er það um 2,8 milljörðum króna lægri fjárhæð en nam samþykktum fjárheimildum ársins eða 2,4%.
- Tekjur hækkuðu um 285 milljónir króna eða 0,3% frá árinu 1992. Að raungildi lækkuðu tekjur aftur á móti um 4,4 milljarða króna eða 4,1%. Hækkun rekstrargjalda frá árinu 1992 nam tæpum 2,3 milljörðum króna sem er um 2% hækkun. Að raungildi lækkuðu gjöldin um 1,6 milljarð króna eða 1,4%.

- Vegna niðurfellingu aðstöðugjalds greiddi ríkissjóður til sveitarfélaga rúma 4,0 milljarða króna á árinu 1993. Þær breytingar sem gerðar voru á tekjuskatti einstaklinga til að mæta þessu framlagi skiluðu aftur á móti 3,4 milljörðum króna sem er 600 milljóna króna lægri fjárhæð.
- Í desember s.l. voru samþykkt fjárukalög sem lækkuðu tekjuhlið fjárlaga um 3,2 milljarða króna en juku útgjaldaheimildir um 4,6 milljarða króna (fjárukalög nr. 115/1993). Með þeim voru yfir- og undirfrávik hjá stofnunum vegna rekstrar og stofnkostnaðar á árinu 1992 flutt til ársins 1993 og komu til skerðingar eða hækkunar á fjárheimildum eins og þær voru ákveðnar í fjárlögum fyrir 1993. Ónotaðar heimildir sem fluttar voru frá árinu 1992, voru 1.654 milljónir króna, þar af 958 milljónir vegna rekstrar og 696 milljónir vegna stofnkostnaðar og viðhaldsverkefna. Til frádráttar komu umframgreiðslur stofnana að fjárhæð 435 milljónir króna.
- Á árinu urðu breytingar á fjárheimildum einstakra stofnana og ráðuneyta vegna millifærslna fjárheimilda af safnliðum. Þar má fyrst nefna að af fjárlagalið vegna launa- og verðlagsmála voru millifærðar 363 milljónir króna á aðra liði, af fjárlagalið vegna útgjalda samkvæmt ákvæðum 6. gr. fjárlaga voru millifærðar 430 milljónir króna, út af fjárlagalið vegna ríkisstjórnarákvarðana voru millifærðar 250 milljónum króna á aðra liði fjárlaga, af rekstrarhagræðingarliðum sem færðir eru undir hverju ráðuneyti var ráðstafað 242 milljónum króna og af ráðstöfunarfé einstakra ráðherra var ráðstafað 90 milljónum króna. Auk ofangreindra tilfærsla á fjárlagaliðum voru fjárheimildir millifærðar af ýmsum óskiptum safnliðum ráðuneytanna sem svarar til 405 milljóna króna. Samtals voru millifærslur því 1.780 milljónir króna.
- Það er mat Ríkisendurskoðunar að úthlutun á hluta ráðstöfunarfjár ríkisstjórnarinnar í fjárlögum og fé sem verja átti til rekstrarhagræðingar hjá hverju ráðuneyti hafi í sumum tilfellum vart verið í samræmi við það sem að var stefnt m.v. greinargerð með fjárlagafrumvarpi. Í ýmsum tilvikum hefði þannig verið eðlilegt að Alþingi sjálft tæki um það formlega ákvörðun í fjárlögum að verja fjármunum til ákveðinna verkefna í stað þess að kosta þau með framlagi af þessum liðum. Má í því sambandi nefna ýmis- konar viðhald og stofnkostnað. Ekki er ástæða til að gera aðrar

athugasemdir við hvernig staðið var að flutningi fjárheimilda á milli fjárlagaliða á árinu 1993.

- Ríkisendurskoðun telur ástæðu til að skoða hvort fremur eigi að millifæra fjárheimildir á stofnanir og bóka útgjöld á þær heldur en að bóka útgjöldin beint á safnliði. Bókun útgjalda beint á safnliði hefur þann annmarka að ekki verður með góðu móti séð vegna hvaða stofnana eða viðfangsefna stofnað var til útgjalda.
- Sé tekið mið að frávikum á milli útkomu og fjárheimilda er ljóst að til undantekningar horfir að útgjöld fari fram úr heimildum. Það kemur hins vegar á óvart hve margar stofnanir ríkisins voru umtalsvert undir fjárheimildum á síðasta ári. Vekur það spurningar um hvort Alþingi hafi etv. samþykkt óþarflega miklar aukafjárveitingar, þ.m.t. tilflutning á fjárheimildum frá 1992, við afgreiðslu fjárukalaga í desember á síðasta ári. Mikilvægt er að hægt sé að meta hvort sparnaður sem fram kemur hafi náðst með hagræðingu í rekstri eða með því að skerða þjónustu frá þeim forsendum sem fjárlög voru byggð á. Til þess að þeirri spurningu verði svarað er einsýnt að setja þarf stofnunum mælanleg markmið um afköst og rekstrarárangur.
- Hætt er við að setning fjárlaga verði ekki nógu markviss þegar það liggur ekki fyrir hve stór hluti af fjárheimildum stofnana vegna fyrra árs kemur til með að færast til þess næsta. Með samþykkt endanlegra fjárukalaga eftir áramót fá stofnanir viðbótarfjárveitingu til rekstrar sem ekki var reiknað með við setningu fjárlaga og jafnvel er ekki ljóst hvernig beri að nýta. Fjárlög marka þá ekki lengur þann útgjaldaramma sem forstöðumönnum stofnana er ætlað að miða rekstur þeirra við. Sé brugðist við þessu með því að skerða fjárveitingu skv. fjárlögum sem svarar til væntanlegs tilflutnings fjárheimildar, er eins víst að tilgangurinn sem að er stefnt með því að heimila flutning fjárheimilda milli ára náist ekki, þ.e. að auka sveigjanleika í rekstri stofnana og koma í veg fyrir að fjárveitingu sé eytt í lok árs. Ríkisendurskoðun telur eðlilegt að við afgreiðslu fjárlaga sé tekin ákvörðun um flutning væntanlegs afgangss eða halla, en ákvörðun um það ekki frestað til næsta árs. Þá telur stofnunin að sýna þurfi ýrtruðu varúð í að heimila að aukafjárveitingar sem veittar eru innan ársins færast sjálfkrafa til þess næsta. Eðlilegt er að aukafjárveiting sé veitt þegar ófyrirséð útgjaldatalefn

krefjast slíks en heimildir vegna allra fyrirsjáanlegra útgjalda séu þess í stað veittar með reglulegum fjárlögum. Ríkisendurskoðun telur að kerfisbreyting sem fælist í setningu rammafjárlaga til fleiri ára í senn, sé á margan hátt heppilegri til að ná fram auknum sveigjanleika í rekstri stofnana, heldur en sú aðferð sem nú er beitt.

- Greiðslur til almannatrygginga á árinu 1993 lækkuðu frá árinu 1992 að raunvirði um 663 milljónir króna eða um 0,36%. Fjárlög ársins gerðu ráð fyrir að framlög til lífeyristrygginga ykjust um 1,1% en þau jukust í reynd um 1,4% eða um 217 milljónir króna. Þá var gert ráð fyrir að útgjöld til sjúkratrygginga lækkuðu um 700 milljónir króna en í reynd varð raunlækkun um 935 milljónir króna sem kom fram á svo til öllum útgjaldaliðum sjúkratrygginga. Þannig hafa áform fjárlaga hvað varðar almannatryggingar náð fram að ganga.
- Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 1993 námu 3,2 milljörðum króna sem er 884 milljóna króna raunhækkun frá árinu 1992 eða um 38,3%. Atvinnuleysisbætur jukust um 692 milljónir króna að raunvirði eða um 37,2%. Þá greiddi sjóðurinn 116 milljónir króna vegna átaksverkefna sveitarfélaga sbr. l. nr. 107/1992. Hins vegar greiddu sveitarfélögin 500 milljónir króna til sjóðsins skv. sömu lögum, þar af gengu 384 milljóna króna framlag sveitarfélaga til greiðslu atvinnuleysisbóta á árinu 1993. Þá var ákveðið að ríkissjóður keypti verðbréf sjóðsins að fjárhæð 250 milljónir króna í stað þess að veita sjóðnum bein framlög á fjárlögum. Ástæða þess að 449 milljónir króna voru ekki greiddar til Atvinnuleysistryggingasjóðs eins og fjárlög og fjárukalög ársins gerðu ráð fyrir stöfuðu m.a. af því að framlög sveitarfélaga til verkefna hjá þeim urðu minni svo og að ríkissjóður keypti verðbréf sjóðsins í stað þess að veita framlag til hans.
- Ársverkum hjá þeim stofnunum ríkisins sem starfsmanna-skrifstofa fjármálaráðuneytisins sér um launagreiðslur fyrir fjölgaði um 31 á milli áranna 1992 og 1993.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs

Heildarlánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs á árinu 1993 nam 24,9 milljörðum króna samanborið við 23,3 milljarða króna á árinu 1992. Aukin lánsfjárförf á síðasta ári að fjárhæð 1,7 milljarða króna skýrist af auknum rekstrarhalla og greiðslu viðskiptakrafna en á móti urðu afborganir lána lægri. Meðtalið í fjárförf ársins 1993 er framlag til Landsbanka Íslands, uppgjör á fullvirðisrétti og niðurfelling lána vegna Síldarverksmiðja ríkisins.

Lántökur ríkissjóðs námu alls 20,7 milljörðum króna, þar af voru beinar lántökur 2,7 milljarðar króna. Innlend lántaka nam 15,5 milljörðum króna í samanburði við 12,0 milljarða króna á árinu 1992. Hluttur innlends lánsfjár í heildarlántökum ríkissjóðs á árinu 1993 nam 3/4 hlutum samanborið við um 57% árið áður. Erlendar lántökur námu 5,2 milljörðum króna samanborið við 9,0 milljarða króna á árinu 1992.

Hrein lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs þegar afborganir tekinnna lána hafa verið dregnar frá nam 13,4 milljörðum króna á árinu 1993 samanborið við 9,8 milljarða króna á árinu 1992.

	Reikn. 1993	Fjárheim 1993	Reikn. 1992
Lánsfjárförf	24.929	29.865	23.265
- Afborganir veittra lána	-5.649	-5.216	-4.542
	19.280	24.649	18.723
- Afborganir tekinnna lána	-5.900	-6.200	-8.903
	13.380	18.449	9.820

Áætlanir um lántökur ríkissjóðs á árinu 1993 gerðu ráð fyrir að þær næmu 24,7 milljörðum króna að meðtöldum beinum lántökum að fjárhæð 2,7 milljarðar króna. Lántökur urðu hins vegar 4,0 milljörðum króna lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir, sem skýrist fyrst

og fremst af minni fjárþörf vegna rekstrar. Af heildarlántökum var gert ráð fyrir að erlendar lántökur næmu 5,1 milljarði króna en þær urðu 0,1 milljarði króna hærri. Áætlað var að innlend lántaka næmi 19,6 milljörðum króna að meðtöldum beinum lántökum en þær urðu aftur á móti 4,1 milljarði króna lægri. Afborganir veittra lána urðu 0,4 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir.

Ríkissjóður hafði til ráðstöfunar á árinu 1993 26,4 milljarða króna. Samkvæmt yfirliti frá Ríkisbókhaldi í árslok 1993 var ráðstöfun til að mæta rekstrarhalla 9,6 milljarðar króna sem er 4,4 milljörðum króna lægri fjárhæð en áætlanir ársins gerðu ráð fyrir. Afborganir tekinnna lána urðu 0,3 milljörðum króna lægri fjárhæð en gert var ráð fyrir. Veitt lán urðu 0,5 milljörðum króna hærri en áætlanir sögðu til um og viðskiptareikningur sýndi betri stöðu sem nemur 0,7 milljörðum króna í árslok 1993 en áætlanir ársins gerðu ráð fyrir.

Í heild sinni gerðu áætlanir ráð fyrir greiðsluafgangi hjá A-hluta ríkisins í árslok að fjárhæð 38 milljónir króna en í reynd varð hann 1,4 milljarðar króna.

Greiðsluafkoma af rekstri ríkissjóðs á árinu 1993 var neikvæð um rúma 9,6 milljarða króna og er það um 2 milljörðum króna lakari niðurstaða en árið áður. Fjárlög ársins gerðu ráð fyrir að afkoman yrði neikvæð um liðlega 6,2 milljarða króna. Að teknu tilliti til breytinga á fjárlögum sem samþykktar voru á árinu var áætlað að hallinn yrði 14,1 milljarður króna.

Á föstu verðlagi versnaði afkoma ríkissjóðs af rekstri um 2,9 milljarða króna miðað við árið 1992.

Í m.kr.	Útkoma	Fram	Útkoma	Breyt.	Á föstu		
	1992	reiknað	1993		%	verðl.	%
Tekjur	103.447	107.660	103.220	227	0,2	-4.440	-4,1
Gjöld	110.608	114.443	112.863	2.255	-0,2	-1.580	-1,4
Gjöld umfram tekjur	-7.161	-6.783	-9.643	-2.028		-2.860	

Fjárstreymi A-hluta ríkissjóðs tímabilið janúar - desember 1993

Í m.kr.	Reikn. 1993	Fjárheim. 1993	Frávik	Reikn. 1992	Breyt. 92/93
Uppruni:					
Lántökur					
Spariskírteini	8.082	16.900	-8.818	3.940	4.142
Ríkisbréf og -vixlar nettó	4.719	0	4.719	5.360	-641
Önnur innlend fjáröflun	25	0	25	17	8
Erlendar lántökur	5.203	5.100	103	9.023	-3.820
	18.029	22.000	-3.971	18.340	-311
Aðrar lántökur	2.687	2.687	0	2.642	45
Lántökur alls	20.716	24.687	-3.971	20.982	-266
Afborganir veittra lána	5.649	5.216	433	4.542	1.107
Uppruni alls	26.365	29.903	-3.538	25.524	841
Ráðstöfun:					
Til rekstrar skv. yfirliti	9.643	14.057	-4.414	7.160	2.483
Afborgun lána	5.900	6.200	-300	8.903	-3.003
Veitt lán	6.153	5.620	533	6.605	-452
Hlutafrjár. og stofnfé	410	435	-25	44	366
Viðskiptar. nettó	-230	500	-730	-2.089	1.859
	21.876	26.812	-4.936	20.623	1.253
Utan greiðsluhreyfinga	3.053	3.053	0	2.642	411
Ráðstöfun alls	24.929	29.865	-4.936	23.265	1.664
Breyt. á handbæru fé	1.436	38	1.398	2.259	-823

Tekjur

Tekjur í samanburði við fjárlög og fjáraukalög

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1993 var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs yrðu 104,8 milljarðar króna sem var tæplega 1% aukning miðað við niðurstöður ársins 1992. Í meðförum Alþingis lækkuðu tekjurnar um 19 milljónir króna og varð því niðurstaða fjárlaga nánast óbreytt frá frumvarpi.

Helstu breytingar frá frumvarpi til fjárlaga voru að tekju- og eignarskattar fyrirtækja hækkuðu um 460 milljónir króna sem skýrist m.a. af því að skatthlutfall var lækkað úr 45% í 39% en ekki í 33% eins og gert var ráð fyrir í frumvarpi. Þá var talið að niðurfelling aðstöðugjalds skilaði viðbótartekjum þar sem gjaldið var frádráttar-bært frá tekjuskatti. Tekjur af innflutnings og vörugjöldum hækkuðu um tæpar 270 milljónir króna, sem að stærstum hluta skýrist af upp-töku sérstaks bensíngjalds. Innheimta virðisaukaskatts lækkaði hins vegar um 400 milljónir króna frá frumvarpi. Helstu ástæður þessa voru breytt áform um endurgreiðslur til sveitarfélaga, breyttar efna-hagsforsendur og ýmsar skattkerfisbreytingar.

Í fjáraukalögum nr. 115/1993 voru áætlaðar tekjur ríkissjóðs lækkaðar um tæpar 3.200 milljónir króna. Helstu breytingar voru að tekjuskattur einstaklinga lækkaði um 650 milljónir króna, virðisaukaskattur um 950 milljónir króna, þar af er 400 milljónir tilkomnar vegna þess að hætt var við lækkun á endurgreiðslum vegna húsbygginga og tekjur af eignasölu lækkuðu um 1.400 milljónir króna. Hins vegar hækkuðu tekjur af innflutnings- og vörugjöldum um 500 milljónir króna.

Fjálög og fjáraukalög gerðu því ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs á árinu 1993 næmu 101,6 milljörðum króna. Innheimtar tekjur námu hins vegar 103,2 milljörðum króna sem er 1,6 milljörðum króna hærri fjárhæð en áætlað var.

Í m.kr.	Fjár-		Samtals	Innheimt	Frávik kr.	Frávik %
	Fjárlög	aukalög				
Eignarskattar	3.518	92	3.610	3.797	187	5,2
Tekjuskattur einstaklinga, nettó	13.450	-650	12.800	12.835	35	0,3
Tekjuskattur félaga	2.800	180	2.980	3.268	288	9,7
Gjald í framkv.sjóð aldraðra	425	-19	406	412	6	1,5
Beinir skattar	20.193	-397	19.796	20.312	516	2,6
Aðflutningsgjöld	1.265	937	2.202	2.642	440	20,0
Ýmis gjöld af innflutningi	341	47	388	364	-24	-6,2
Tekjur af sölu erl. gjaldeyris	200	83	283	295	12	4,2
Vörugjöld	11.200	-1.445	9.755	8.914	-841	-8,6
Virðisaukaskattur	40.950	-950	40.000	40.497	497	1,2
Skattar af orku	77	8	85	77	-8	-9,4
Skattar af einkasöluvörum	6.357	-200	6.157	6.156	-1	0,0
Sérstakir skattar af þjónustu	89	-7	82	89	7	8,5
Aðrir skattar af þjónustu	774	61	835	925	90	10,8
Skattar af launagreiðslum	9.450	-150	9.300	9.954	654	7,0
Aðrir óbeinir skattar	5.996	-190	5.806	5.929	123	2,1
Óbeinir skattar	76.699	-1.806	74.893	75.842	949	1,3
Sala eigna	1.500	-1.400	100	55	-45	-45,0
Sala eigna	1.500	-1.400	100	55	-45	-45,0
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	4.000	440	4.440	4.421	-19	-0,4
Arðgreiðslur	2.030	22	2.052	2.239	187	9,1
Fjármunatekjur	6.030	462	6.492	6.660	168	2,6
Ýmsar tekjur	350	-25	325	351	26	8,0
Aðrar tekjur	350	-25	325	351	26	8,0
Tekjur samtals	104.772	-3.166	101.606	103.220	1.614	1,6

Helstu frávik frá fjárlögum og fjárukalögum eru þau að tryggingagjald er 654 milljónum króna hærra er gert var ráð fyrir. Um helming þeirrar hækkunar má rekja til ábyrgðargjalds, sem í greiðsluuppgjöri er fært sem tekjur ríkissjóðs en það var ekki gert í fjárlögum. Virðisaukaskattur er tæpum 500 milljónum króna hærri og tekju- og eignarskattar eru um 500 milljónum króna hærri. Hins vegar eru innflutnings- og vörugjöld um 400 milljónum króna lægri en gert var ráð fyrir. Helstu skýringar á ofangreindum frávikum er að finna í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 1993 og ekki þörf á því að endurtaka það hér.

Samanburður tekna 1993 og 1992

Á árinu 1993 lækkuðu tekjur ríkissjóðs um 0,2 milljarða króna frá árinu 1992 eða um 0,2%. Að raungildi drógust tekjur saman um rúma fjóra milljarða króna eða um 4,1%. Breytingar á milli ára á einstaka tekjuliði er ekki að öllu leyti samanburðarhæfar þar sem umtalsverðar breytingar voru gerðar á skattalögum, tollum og vörugjaldi. Um þessar breytingar verður fjallað nánar hér á eftir.

Í m.kr.	1993	1992	Frávik kr.	Frávik %
Eignarskattar	3.797	3.477	320	9,2
Tekjuskattur einstaklinga	12.835	13.210	-375	-2,8
Tekjuskattur félaga	3.268	3.255	13	0,4
Aðrir beinir skattar	412	406	6	1,5
Beinir skattar	20.312	20.348	-36	-0,2
Aðflutningsgjöld	2.642	3.428	-786	-22,9
Ýmis gjöld af innflutningi	364	831	-467	-56,2
Tekjur af sölu erl. gjaldeyris	295	467	-172	-36,8
Vörugjöld	8.914	7.930	984	12,4
Virðisaukaskattur	40.497	39.944	553	1,4
Skattar af orku	77	80	-3	-3,8
Skattar af einkasöluvörum	6.156	6.441	-285	-4,4
Sérstakir skattar af þjónustu	89	88	1	1,1
Aðrir skattar af þjónustu	925	799	126	15,8
Skattar af launagreiðslum	9.954	9.567	387	4,0
Aðrir óbeinir skattar	5.929	5.846	83	1,4
Óbeinir skattar	75.842	75.421	421	0,6
Sala eigna	55	238	-183	-76,9
Sala eigna	55	238	-183	-76,9
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	4.421	4.204	217	5,2
Arðgreiðslur	2.239	2.347	-108	-4,6
Fjármunatekjur	6.660	6.551	109	1,7
Ýmsar tekjur	351	889	-538	-60,5
Aðrar tekjur	351	889	-538	-60,5
Tekjur samtals	103.220	103.447	-227	-0,2

Á árinu 1993 tóku gildi ýmsar lagabreytingar sem áhrif hafa á samanburð á milli ára. Lög nr. 111/1992, sem tóku gildi 1. janúar 1992, fjölluðu um ýmsar breytingar á sviði skattamála. Helstu atriði þeirra voru:

- Tekjuskattshlutfall einstaklinga var hækkað um 1,5 prósentustig. Persónuafsláttur var lækkaður og viðmiðunarmörk reiknaðra launa voru hækkuð.
- Fyrirframgreiðsluskylda á sérstökum tekjuskatti einstaklinga, sem skal vera 5% af tekjuskattstofni einstaklinga umfram 2,4 milljónir króna og 4,8 milljónir króna hjá hjónum
- Tekjuáhrif framangreindra breytinga ásamt öðru var metin á 4 milljarðar króna og var ætlað að mæta niðurfellingu aðstöðugjalds.
- Tekjuskattshlutfall lögaðila var lækkað úr 45% í 39%, aðstöðugjald var fellt niður og gerðar voru breytingar varðandi arðsfrádrátt og fjárfestingasjóðsframlög. Alls var talið að þessar ráðstafanir myndu skerða tekjur ríkissjóðs um 500 milljónir.
- Lagður var 14% virðisaukaskattur á sölu á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns. Á móti vegur að ákveðið var að endurgreiða hluta virðisaukaskatts af heitu vatni og/eða rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns. Þá var einnig lagður 14% virðisaukaskattur á bækur, blöð, tímarit og afnotagjöld útvarps og sjónvarps. Áætlað var að þessar breytingar hækkuðu tekjur ríkissjóðs um 750 milljónir króna á árinu 1993.
- Lagt var á sérstakt bensíngjald sem nemur 1,70 kr. af hverjum lítra bensíns. Þetta sérstaka bensíngjald skal renna í ríkissjóð en ekki til vegagerðar. Áætlaðar tekjur vegna þessa nema um 310 milljónum króna.

Um mitt ár tóku síðan gildi lög nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Helstu atriði þeirra laga voru:

- Í 3. grein var lagt vörugjald á vélknúin ökutæki eftir sprengirými. Vörugjaldið var í fjórum flokkum, frá 30% uppí 75%. Í 4. grein var lagt á vörugjald á sérstaklega tilgreind ökutæki. Vörugjaldið var frá 10% uppí 70%.
- Almennt vörugjald 90% var lagt á bensíni. Til viðbótar því var lagt sérstakt vörugjald á bensín - bensíngjald - sem nam 21,78 kr.

af blýlausu bensíni en 23,82 kr. af öðru bensíni. Þessu bensíngjaldi skal varið til vegagerðar skv. vegalögum.

Þá tóku einnig gildi um mitt ár bráðabirgðalög nr. 86/1993 um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga. Í 2. grein laganna var heimilað að endurgreiða tryggingagjald sem lagt var á aðila sem stunduðu útflutning á tímabilinu frá júní til desember 1993. Annars vegar var um að ræða aðila í fiskveiðum, fiskeldi og fiskvinnslu og hins vegar aðila í atvinnugreinum samkvæmt 2. og 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands. Talið er að þess ráðstöfun hafi skert tekjur ríkissjóðs um 465 milljónir króna á árinu 1993.

Innheimta á tekjuskatti einstaklinga lækkaði um 375 milljónir króna á milli ára. Nokkrar skýringar eru á þessu fráviki. Í fyrsta lagi hækkaði innheimt staðgreiðsla um 3.100 milljónir króna. Í öðru lagi hækkuðu endurgreiðslur um 365 milljónir króna á milli árána 1993 og 1992 og má rekja þá aukningu fyrst og fremst til vaxtabóta. Í þriðja lagi batnaði innheimta tekjuskatts um tæpar 890 milljónir króna á milli ára, þar af nam fyrirframgreiðsla sérstaks 5% tekjuskatts 265 milljónum króna. Samtals nema þessar breytingar 3.625 milljónum króna en frá þeim dragast rúmlega 4.000 milljóna króna greiðslur til sveitarfélaganna vegna niðurfellingu aðstöðugjalds.

Í fjárlögum var gert ráð fyrir að sérstakar breytingar á tekjuskatti einstaklinga skilaði ríkissjóði 4.150 milljónum króna en á móti kæmu breytingar á mæðra- og feðralaunum sem ykju útgjöld ríkissjóðs um 100 milljónir.

Í m.kr.	Tekjuáhrif
Hækkun skatthlutfalls um 1,5%	2.850
Tímab. 5% tekjuskattur	300
Lækkun persónuafsl. um 400 kr.	700
Hækkun á viðmiðunarmörkum reiknaðra launa	300
	Samtals
	<u>4.150</u>

Aukin innheimta í staðgreiðslu ásamt fyrirframgreiddum tekjuskatti nam 3,4 milljörðum króna þannig að ríkissjóður hefur, á greiðslugrunni, lagt út nettó 600 milljóna krónum hærri fjárhæð á árinu 1993 en hann hefur innheimt vegna niðurfellingar aðstöðugjaldsins.

Innflutnings- og vörugjöld tóku miklum breytingum á árinu 1993 eins og að framan er rakið. Allur samanburður á einstökum tekjuliðum á milli ára er því óraunhæfur en eftirfarandi yfirlit sýnir hvernig breytingarnar færast á milli tekjuliða.

Í m.kr.	1993	1992	Frávik kr.	Frávik %
Tollar	2.642	3.428	-786	-22,9%
Gjald af bifreiðum og bifhjólum	735	1.484	-749	-50,5%
Innflutningsgjald af bensíni	1.920	3.993	-2.073	-51,9%
Sérstakt bensíngjald	310	0	310	---
Vörugjald af ökutækjum	829	0	829	---
Vörugjald af bensíni, almennt	515	0	515	---
Sérstakt vörugjald af bensíni	2.306	0	2.306	---
Vörugjald, almennt	2.216	2.386	-170	-7,1%
Framleiðslugjald af áli	82	67	15	22,4%
Samtals	11.555	11.358	197	1,7%

Innheimta virðisaukaskatts hefur aukist um 550 milljónir króna á milli árána 1993 og 1992 og nemur aukningin 1,4%. Virðisaukaskattur af innfluttum vörum hefur lækkað um 220 milljónir króna en virðisaukaskattur af vörusölu og þjónustu innanlands hækkað um 730 milljónir króna. Endurgreiðslur hafa nánast staðið í stað.

Innheimta tryggingagjalds hefur aukist um 387 milljónir króna á milli árána 1993 og 1992. Þessa aukningu má aðallega rekja til breytinga á uppgjörsaðferð. Í greiðsluyfirliti fyrir árið 1992 var ábyrgðargjald atvinnurekanda sýnt sem "innheimtufé fyrir aðra" en árið 1993 er það sýnt sem tekjur ríkissjóðs. Gjaldið nam 309 milljónum króna á árinu 1992.

Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur aukast um 217 milljónir króna frá fyrra ári og nemur aukningin 5,2%. Þessa aukningu má fyrst og fremst rekja til vaxtatekna af langtímakröfum en þær aukast um 365 milljónir króna eða 17,4%. Viðurlög vegna lausafjárstöðu innlánsstofnana lækkuðu um 182 milljónir króna en aðrar vaxtatekjur jukust um 133 milljónir króna.

Aðrar tekjur dragast saman um 538 milljónir króna milli árána 1993 og 1992 sem skýrist af því að á árinu 1992 voru innheimtar um 600 milljónir króna af sveitarfélögum vegna löggæslukostnaðar en þetta gjald féll niður árið 1993.

Eins og áður segir drógust tekjur ríkissjóðs saman um 4,4 milljarða króna.

Á verðlagi 1993

Í m.kr.	1993	1992	Frávik	%
Beinir skattar	20.312	20.835	-523	-2,5
Óbeinir skattar	75.842	78.901	-3.059	-3,9
Fjármagnstekjur	6.660	6.751	-91	-1,3
Aðrar tekjur	406	1.173	-767	-65,5
	103.220	107.660	-4.440	-4,1

Af einstökum tekjuliðum er samdráttur mestur í innflutningi og vörugjöldum en þau gjöld lækka að raungildi um tæpar 1.200 milljónir króna á milli ára eða um 9,0%. Annars vegar hefur almennur vöruinnflutningur dregist verulega saman en á móti vega auknar tekjur af bensíngjöldum.

Tekjur af virðisaukaskatti drógust saman að raungildi um tæpar 1.100 milljónir króna eða um 2,6%. Þá varð umtalsverður samdráttur í sölu áfengis og tóbaks og lækkuðu tekjur ríkissjóðs vegna hans um 550 milljónir króna eða 8,2%.

Tekjur af stimpilgjaldi lækkuðu að raungildi um rúmar 300 milljónir króna eða 14,6% sem endurspeglar almennan samdrátt á fasteigna- og lánamarkaði.

Innheimta á tekjuskatti einstaklinga lækkaði að raungildi um 570 milljónir króna eða um 4,3%. Án greiðslu til sveitarfélaga v/niðurfellingu aðstöðugjalds, þá jókst innheimtan um 3.500 milljónir króna eða um 25,8%.

Gjöld

Útgjöld ríkissjóðs á árinu 1993 námu um 112,9 milljörðum króna og er það um 2,8 milljörðum króna eða 2,4% lægri fjárhæð en samþykktar fjárheimildir ársins. Á árinu voru fjárheimildir hækkaðar um liðlega 4,6 milljarða króna frá fjárlögum eða sem nemur 4,2%. Hækkun gjalda frá fyrra ári nam um 2,3 milljörðum króna eða 2,0%. Á föstu verðlagi lækkuðu gjöld aftur á móti um 1,6 milljarða króna eða 1,4%¹.

Á árinu 1993 var stofnað til eftirtaldrá skuldbindinga sem eru utan við greiðsluuppgjör Ríkisbókhalds, en færast hins vegar í ríkisreikningi:

- Fellt var niður láni til SR-Mjöls hf. (áður Síldarverksmiðjur ríkisins) að fjárhæð 368 milljónir króna og yfirteknar skuldir að fjárhæð 21,6 milljónir króna.
- Stofnfjáreign ríkisins í Landsbanka Íslands var augin um 2.000 milljónir króna og það fjármagnað með útgáfu skuldabréfs.
- Greiðslur af skuldabréfum að fjárhæð 666,1 milljónir króna sem gefin voru út til greiðslu á fullvirðisrétti til kindakjötsframleiðslu sem keyptur var af bændum.

Í greiðsluuppgjör hafa verið færðar greiðslur vegna skuldbindinga frá fyrri árum sem áður hafa verið gjaldfærðar í ríkisreikning. Hér er um að ræða eftirtaldrá greiðslur:

¹ Við samanburð á raunbreytingu gjalda á milli ára eru einstakar gjaldategundir framreiknaðar m.v. mismunandi vísitölur. Í skýrslu um ríkisfjármál árið 1993 sem fjármálaráðuneytið gaf út í febrúar s.l. eru allir gjaldaliðir framreiknaðir m.v. verðvísitölu landsframleiðslu (bráðabirgðatölu) og eru þ.a.l. ekki sambærilegar við útreikninga í þessari skýrslu.

- Afborganir lána v/uppgjörs á þéttbýlisfé að fjárhæð 136 milljónir króna.
- Afborganir af lánum vegna kaupa á fullvirðisrétti að fjárhæð 243,5 milljónir króna.
- Afborganir af lánum vegna skólabygginga o.fl. að fjárhæð 396,4 milljónir króna.

Gjöld í samanburði við fjárlög og fjáraulög

Greiðslur stofnana umfram fjárheimildir² voru samtals 759 milljónir króna en óhafin framlög aftur á móti 3.558 milljónir. Neðangreind tafla sýnir hvernig útgjöld og fjárheimildir skiptust á einstök ráðuneyti. Öll ráðuneytin, að tveimur undanskildum, voru í heild innan heimildar á árinu.

Samanburður gjalda við fjárheimildir eftir ráðuneytum (janúar til desember)

<i>Í m. kr.</i>	<i>Útkoma</i>	<i>Fjár-heimild</i>	<i>Frávik</i>	<i>%</i>	<i>Umfram greitt</i>	<i>Óhafin framlög</i>
Æðsta stjórn ríkisins	1.106	1.151	-45	-3,9	3	48
Forsætisráðuneyti	379	425	-46	-10,8	11	57
Menntamálaráðuneyti	16.750	17.486	-736	-4,2	95	830
Utanríkisráðuneyti	1.584	1.678	-94	-5,6	34	128
Landbúnaðarráðuneyti	7.821	8.037	-216	-2,7	3	219
Sjávarútvegsráðuneyti	1.126	1.187	-61	-5,2	2	64
Dóms- og kirkjum.rn.	5.535	5.765	-230	-4,0	44	274
Félagsmálaráðuneyti	5.362	5.340	22	0,4	316	294
Heilbr.- og trygg.m.rn.	47.679	48.321	-643	-1,3	47	690
Fjármálaráðuneyti	14.133	14.858	-725	-4,9	152	877
Samgönguráðuneyti	9.398	9.407	-9	-0,1	10	19
Iðnaðarráðuneyti	1.029	1.015	15	1,4	34	20
Viðskiptaráðuneyti	171	182	-12	-6,3	0	12
Hagstofa Íslands	138	148	-10	-6,6	0	10
Umhverfisráðuneyti	652	661	-9	-1,4	8	17
	112.863	115.662	-2.799	-2,4	759	3.558

Ekki liggja fyrir áreiðanlegar upplýsingar um tegundaskiptingu ríkisútgjalda á árinu 1993 þar sem framlög til stofnana eru í sumum tilfellum ósundurgreind og eins eiga upplýsingar um innheimtar

² Sértekjur stofnana eru færðar til lækkunar á framlagi til þeirra úr ríkissjóði og hafa þær því áhrif á samanburð gjalda við fjárheimildir. Í sambandi við sértekjur er þó rökrétt að tala um áætlanir fremur en fjárheimildir.

sértekjur eftir að berast Ríkisbókhaldi. Það gefur þ.a.l. ekki rétta mynd að bera útkomu saman við fjárheimildir hvað varðar einstakar gjaldategundir.

Hér á eftir eru taldar upp stofnanir og verkefni sem voru annað hvort 5 milljónum króna undir eða yfir fjárheimild á árinu 1993. Frávikin eru að sjálfsögðu hlutfallslega mismikil eftir stærð stofnana. Markverð frávik, hvort sem þau eru undir eða yfir fjárheimild, kalla á skýringar forstöðumanna viðkomandi stofnana, en má ekki fyrirvaralaust túlka þeim til áfellis eða hróss. Umframútgjöld geta átt sér stað vegna óhjákvæmilegra greiðslna sem inna verður af hendi áður en Alþingi gefst ráðrúm til að samþykkja viðbótarfjárheimild eða vegna þess að sértekjur stofnana urðu minni en áætlað var og ekki er talið mögulegt að draga úr starfsemi sem því nemur. Þá er ekki sjálfgefið að stofnun sem rekin er undir fjárheimild hafi náð þeim árangri með hagræðingu, heldur kann að vera að starfsemin og þjónusta sem veitt er hafi skerst frá því sem forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir.

Hjá *æðstu stjórn ríkisins* voru útgjöld vegna framkvæmda að Bessastöðum 28 milljónum króna undir fjárheimild. Útgjöld Alþingis og Ríkisendurskoðunar voru einnig undir fjárheimild, útgjöld Alþingis um 9 milljónum króna og Ríkisendurskoðunar um 10 milljónum króna.

Útgjöld aðalskrifstofu *forsætisráðuneytis* voru 54 milljónum króna undir fjárheimild, en útgjöld embættis Húsameistara ríkisins fóru aftur á móti 11 milljónum króna fram yfir fjárheimild.

Hjá *menntamálaráðuneyti* voru útgjöld 29 stofnana eða verkefna 5 milljónum króna eða meira undir fjárheimild:

	<i>Í m.kr.</i>
02-318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostn.	289,2
02-977 Þjóðarbókhlaða	82,3
02-969 Ýmis stofnkostnaður og viðhald	61,7
02-982 Listir, framlög	34,4
02-997 Uppgjör við sveitarfélög	25,7
02-720 Grunnskólar, almennt	24,0
02-221 Kennaraháskóli Íslands	20,0
02-319 Framhaldsskólar, almennt	19,1
02-706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra	17,4
02-210 Háskólinn á Akureyri	13,7

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	12,9
02-985 Alþjóðleg samskipti	12,6
02-750 Skólar fyrir fatlaða	11,8
02-703 Grunnskólar, Vesturlandi	11,1
02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	10,4
02-301 Menntaskólinn í Reykjavík	9,3
02-907 Listasafn Íslands	9,3
02-353 Fjöldbrautaskóli Suðurnesja	8,8
02-902 Þjóðminjasafn Íslands	8,6
02-211 Tækniskóli Íslands	8,2
02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands	7,1
02-223 Rannsóknastofnun uppeldismála	6,9
02-440 Fullorðinsfræðsla	6,9
02-999 Ýmis verkefni	6,4
02-756 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	6,3
02-872 Lánaþjófur Íslenskra námsmanna	5,9
02-708 Grunnskólar, Suðurlandi	5,8
02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	5,3
02-514 Iðnskólinn í Reykjavík	5,1

Útgjöld sex aðila voru 5 milljónum króna eða meira yfir fjárheimild. Hér er um að ræða eftirtaldar stofnanir og verkefni:

	<i>Í m.kr</i>
02-350 Fjöldbrautaskólinn í Breiðholti	12,0
02-972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	10,8
02-201 Háskóli Íslands	7,1
02-903 Þjóðsskjalasafn Íslands	6,9
02-983 Ýmis fræðistörf	6,7
02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	6,4

Hjá *utanríkisráðuneyti* voru útgjöld aðalskrifstofu ráðuneytisins 28 milljónum króna undir fjárheimild á árinu 1993. Aðrar stofnanir og verkefni sem voru 5 milljónir króna eða meira undir fjárheimild voru sendiráðið í Moskvu (6 mkr), fjárlagaliðurinn "03-399 Ýmis utanríkismál" (21 mkr) og "03-401 Alþjóðastofnanir" (58 mkr.). Aðilar sem fóru yfir fjárheimild voru lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli en þar voru útgjöld 5 milljónir króna yfir fjárheimild, sendiráðið í London fór 4 milljónum króna yfir fjárheimild, fastanefnd Íslands hjá SP og aðalræðismaðurinn í New York fóru 6 milljónir króna yfir og fjárlagaliðurinn "03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi" fór 6 milljónir króna yfir.

Af stofnunum og verkefnum *landbúnaðarráðuneytis* voru útgjöld til sauðfjárveikivarna 29 milljónum króna undir fjárheimild, útgjöld

yfirdýralæknis 5 milljónum króna og útgjöld til Jarðasjóðs og jarðeigna ríkisins 22 milljónir króna undir fjárheimild. Einnig voru greiðslur vegna mjólkurframleiðslu 97 milljónum króna undir fjárheimild, greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu 10 milljónir króna undir og sérstakar greiðslur í landbúnaði 54 milljónir króna undir fjárheimild. Engar stofnanir ráðuneytisins fóru 5 milljónir króna eða meira yfir fjárheimild á árinu 1993.

Útgjöld aðalskrifstofu *sjávarútvegsráðuneytisins* voru 7 milljónir króna undir fjárheimild á árinu, framlög til Fiskifélags Íslands 12 milljónir króna, Fiskistofu 11 milljónir og fjárlagaliðarins "05-299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi" 33 milljónir króna. Engin stofnun ráðuneytisins fór 5 milljónir króna eða meira fram úr fjárheimild á árinu.

Hjá *dóms- og kirkjumálaráðuneyti* voru útgjöld eftirtalinna tólf stofnana og verkefna 5 milljónir króna eða meira undir fjárheimild:

	<i>Í m.kr.</i>
06-291 Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana	52,3
06-591 Fangelsisbyggingar	50,6
06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík	24,7
06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna	22,8
06-395 Landhelgisgæsla Íslands	22,6
06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumanna	16,3
06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri	9,9
06-331 Umferðarráð	8,5
06-711 Prestaköll og prófastdæmi	7,6
06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	7,2
06-391 Húsnæði löggæslustofnana	6,9
06-591 Fangelsið Litla-Hrauni	5,3

Hins vegar fór málskostnaður í opinberum málum 7 milljónir króna fram yfir fjárheimild, ýmiss kostnaður vegna dómsmál fór 6 milljónir króna yfir og útgjöld sýslumannsins á Akranesi voru 16 milljónum króna yfir fjárheimild.

Af stofnunum og verkefnum *félagsmálaráðuneytis* voru útgjöld ellefu, 5 milljónir króna eða meira undir fjárheimildum á árinu 1993.

	<i>Í m.kr.</i>
07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	79,4

07-700 Málefni fatlaðra	52,4
07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi	28,4
07-951 Brunamálastofnun ríkisins	23,9
07-981 Vinnumál	19,4
07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	14,6
07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	13,3
07-982 Ríkisábyrgð á orlofslaunum	11,1
07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	7,3
07-302 Ríkissáttasemjari	7,0
07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	6,4

Á móti kemur að útgjöld vegna Ábyrðasjóðs launa vegna gjaldþrota fóru 315 milljónum króna en ekki var tekið tillit til þess í fjárlögum.

Útgjöld vegna níu stofnana og verkefna *heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis* voru 5 milljónum króna eða meira undir fjárheimild árið 1993.

	<i>Í m.kr.</i>
08-273 Atvinnuleysistryggingasjóður	449,0
08-270 Lífeyristryggingar	85,0
08-275 Slysstryggingar	30,0
08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	27,0
08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt	23,6
08-950 Rekstrarhagræðing	14,0
08-340 Málefni fatlaðra	12,0
08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	11,1
08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	9,3

Útgjöld til tveggja málaflokka fóru yfir þau viðmiðunarmörk sem hér er gengið út frá: Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna voru 7 milljónum króna yfir og framlag til Ríkisspítala 13 milljónir króna umfram.

Eftirtaldir stofnanir og verkefni fjármálaráðuneytis voru undir viðmiðunarmörkum fjárheimildar á árinu 1993:

	<i>Í m.kr.</i>
08-801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	268,1
09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	209,0
08-971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur	133,4
09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	120,6
09-381 Uppbætur á lífeyri	38,8
09-995 Skýrsluvélakostnaður	26,1
09-999 Ýmislegt	38,4
09-262 Tollstjórinn í Reykjavík	18,5
09-212 Skattamál, ýmis útgjöld	14,4
09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	9,9
09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir	7,0
09-261 Ríkistollstjóri	5,7
09-105 Ríkislögmaður	5,0

Fjárlagaliðurinn "09-250 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður" fór 40 milljónum króna fram úr fjárheimild, Gjaldheimtan í Reykjavík 40 milljónir króna, Gjaldheimta Suðurnesja 5 milljónir króna og uppbætur á lífeyri 39 milljónir króna. Loks fór liðurinn "09-989 Launa- og verðlagsmál" 23 milljónir króna fram úr fjárheimild.

Fjárlagaliður *samgönguráðuneytis* sem nefnist "10-190 Ýmis kostnaður ráðuneytis" var 18 milljónir króna undir fjárheimild á árinu 1993. Enginn fjárlagaliður ráðuneytisins fór 5 milljónir króna eða meira fram úr fjárheimild.

Framlög til iðju og iðnaðar hjá *iðnaðarráðuneyti* voru 14 milljónum króna undir fjárheimild. Yfir fjárheimild var liðurinn "11-399 Orkumál, ýmis verkefni" eða sem nam 26 milljónum króna.

Útgjöld aðalskrifstofu *viðskiptaráðuneytis* voru 6 milljónum króna undir fjárheimild á árinu 1993. Enginn fjárlagaliður ráðuneytisins fór fram úr fjárheimild á því ári.

Hjá *Hagstofu Íslands* voru útgjöld vegna þjóðskrár 6 milljónum króna undir fjárheimild.

Af fjárlagaliðum *umhverfisráðuneytis* var Náttúruverndarráð 7 milljónum króna undir fjárheimild og Skipulagsstjóri ríkisins 8 milljónir króna. Útgjöld Veiðistjóra á árinu voru aftur á móti 6 milljónum króna yfir fjárheimild.

Samanburður fjárlaga og fjárheimilda

Í neðangreindri töflu eru sýndar þær breytingar sem orðið hafa á fjárheimildum einstakra ráðuneyta eftir að fjárlög fyrir árið 1993 voru samþykkt. Hækkun fjárheimilda um 4.647 milljónir króna skýrist af aukafjárveitingum skv. fjáraukalögum að fjárhæð 3.428 milljónir króna, en þar af voru 1.219 milljónir króna sem færðar voru frá árinu 1992³.

Samanburður fjárlaga og fjárheimilda (janúar til desember)

Í m. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Breyt.	%
Æðsta stjórn ríkisins	1.083	1.151	68	6,3
Forsætisráðuneyti	305	425	120	39,4
Menntamálaráðuneyti	16.842	17.486	645	3,8
Utanríkisráðuneyti	1.539	1.678	138	9,0
Landbúnaðarráðuneyti	7.449	8.037	588	7,9
Sjávarútvegsráðuneyti	812	1.187	375	46,2
Dóms- og kirkjum.rn.	5.390	5.765	375	7,0
Félagsmálaráðuneyti	4.859	5.340	481	9,9
Heilbr.- og trygg.m.rn.	46.146	48.321	2.175	4,7
Fjármálaráðuneyti	15.512	14.858	-654	-4,2
Samgönguráðuneyti	9.173	9.407	234	2,6
Iðnaðarráðuneyti	993	1.015	22	2,2
Viðskiptaráðuneyti	173	182	10	5,5
Hagstofa Íslands	146	148	2	1,6
Umhverfisráðuneyti	594	661	67	11,2
	111.015	115.662	4.647	4,2

Breytingar geta með ýmsum hætti orðið á fjárheimildum stofnana eins og þær voru ákvæðnar í fjárlögum. Þannig getur Alþingi með fjáraukalögum gert breytingar á ákvæðum fjárlaga. Fyrir nokkrum árum var t.d. sú nýbreytnin tekin upp að fjárheimildir til rekstrar færðust á milli ára með svipuðum hætti og gilt hafði með óhafin framlög til stofnkostnaðar og viðhalds. Er talið að þetta gefi stofnunum færi á auknum sveigjanleika í rekstri og dragi úr

³ Nánari sundurliðun eftir tegund fjárheimilda er sýnd í töflum í viðauka.

tilhneigingu til að eyða ónýtttri fjárveitingu í árslok. Í greinargerð með frumvarpi til fjáráukalaga vegna 1992 voru kynntar vinnureglur um yfirfærslu fjárveitinga milli ára og eru þær eftirfarandi:

1. Flutningur á innistæðu tekur mið af lækkun gjalda sem náðst hefur með hagræðingu eða flutningi verkefna milli ára. Heimildin fellur niður ef ástæða inneignar er sú að ekki hafi verið haldið uppi þeirri þjónustu sem gert var ráð fyrir í fjárlögum.
2. Greiðsluafgangur hjá stofnunum sem fengið hafa aukafjárveitingu á árinu er felldur niður. Undantekningar eru þó gerðar þegar um er að ræða afmörkuð verkefni sem ekki hefur tekist að ljúka fyrir áramót.
3. Innistæður og umframgjöld á tilfærslulíðum eru almennt felld niður þegar um er að ræða lög- eða sammingsbundnar greiðslur.

Í desember s.l. voru samþykkt fjáráukalög sem lækkuðu tekjuhlíð fjárlaga um 3.166 milljónir króna en juku útgjaldaheimildir um 4.647 milljónir króna (fjáráukalög nr. 115/1993). Með þeim voru yfir- og undirfrávik hjá stofnunum vegna rekstrar og stofnkostnaðar á árinu 1992 flutt til ársins 1993 og komu til skerðingar eða hækkunar á fjárheimildum eins og þær voru ákveðnar í fjárlögum fyrir 1993. Ónotaðar heimildir sem fluttar voru frá árinu 1992, voru 1.654 milljónir króna, þar af 958 milljónir vegna rekstrar og 696 milljónir vegna stofnkostnaðar og viðhaldsverkefna. Til frádráttar komu umframgreiðslur stofnana að fjárhæð 435 milljónir króna.

	<i>í m.kr.</i>
Óhafnar fjárveitingar vegna reksturs	958
Flutt umframgjöld ^{*)}	-435
Flutt vegna reksturs frá árinu 1992, nettó	523
Flutt vegna stofnkostnaðar og viðhalds	696
Flutt samtals frá árinu 1992	1.219

*) Þar af 16 m.kr. vegna lægri sértekna en ráð var fyrir gert í fjárheimild.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til endanlegra fjáráukalaga vegna ársins 1993 þar sem lagt er til að fluttur verði um 1,9 milljarður króna af fjárveitingum vegna síðasta árs til þessa árs. Ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt kemur þessi fjárhæð til hækkunar á fjárveitingum sem Alþingi samþykkti fyrir áramót með fjárlögum ársins 1994.

	<i>Í m.kr.</i>
Umframfjárveitingar	759
Flutt skv. frumvarpi til fjárukalaga	-226
Fellur niður	<u>532</u>
Óhafnar fjárveitingar	3.558
Flutt vegna reksturs	-1.101
Flutt vegna stofnkostnaðar og viðhalds	-1.049
Fellur niður	<u>1.409</u>

Ríkisendurskoðun hefur látið það álit sitt í ljós að sú nýbreytni að heimila flutning fjárheimilda milli fjárlagaára sé skynsamleg og þá haft í huga að með því hafi skipast svigrúm fyrir stjórnendur ríkisstofnana að ráðstafa útgjaldaheimildum ársins innan vissra marka m.t.t. þarfa frekar en að binda þær við fjárlagaárið. Hins vegar telur stofnunin, og þá er tekið mið af þeirri tilhögun tilflutnings sem viðhafður er, að ástæða sé að skerpa frekar á þeim reglum sem framkvæmdavaldið hefur sett sér um tilflutning fjárheimilda milli ára. Sérstaklega er bent á tilvik þar sem stofnanir hafa fengið aukafjárveitingu þrátt fyrir að hafa átt ónýtta fjárveitingu f.f. ári sem nota mætti til að mæta viðbótarfjárþörf ársins. Í því sambandi bendir stofnunin á að aukafjárlög viðkomandi ára eru til afgreiðslu á Alþingi á sama tíma og fjárlög næsta árs og því eðlilegt að fjárlög sýni sem réttasta mynd af útgjöldum einstakra fjárlagaverkefna á því ári sem til afgreiðslu er. Í árslok 1993 námu ónotaðar fjárheimildir 3,6 milljörðum króna.

Breytingar geta einnig orðið á fjárheimildum stofnana vegna flutnings slíkra heimilda á milli fjárlagaliða innan ársins. Hægt er að skipta millifærðum fjárheimildum á árinu 1993 í nokkra flokka: Launa og verðlagsmál, útgjöld skv. heimildarákvæðum, ríkisstjórnarárvarðanir, rekstrarhagræðing, og aðrar millifærslur.

1) *Launa- og verðlagsmál*

Sérstakur fjárlagaliður, "09-989 Launa- og verðlagsmál" er færður undir fjármálaráðuneyti. Fram til ársins 1993 voru rekstrar-gjöld í fjárlögum að jafnaði sett fram á janúarverðlagi fjárlagaársins og þá áætlað fyrir verðuppbótum til stofnana vegna umsaminna launahækkana eða annarra verðbreytinga á fjárlagaárinu á þessum fjárlagalið. Í fjárlögum 1993 voru allar fjárhæðir hins vegar settar

fram á áætluðu meðalverðlagi ársins. Þó var á þessum fjárlagalið áætlað fyrir ákveðnum greiðslum skv. kjarasamningum og ófyrirséðum greiðslum vegna verðbóta á verksamninga. Fjárheimildum á þessum lið er úthlutað eftir að ósk um það berst frá viðkomandi stofnun. Ákvörðun um úthlutun er tekin af gjalda-skrifstofu fjármálaráðuneytis í samvinnu við starfsmannaskrifstofu ráðuneytisins.

Í fjárlögum fyrir 1993 var fjárveiting á fjárlagalið vegna launa- og verðlagsmála 40 milljónir króna. Hún var síðan augin um 300 milljónir króna með fjárukalögum sem samþykkt voru í desember s.l. Þar af voru 260 milljónir króna vegna kjarasamninga sem gerðir voru við aðildarfélög BHMR, lögreglumenn og sjúkraliða, og 40 milljónir króna vegna gengisfellingar um mitt síðasta ár sem m.a. hækkaði gjöld sendiráða. Af þessum fjárlagalið voru síðan millifærðar samtals 363 milljónir króna á aðra liði. Í fyrirliggjandi frumvarpi til fjárukalaga er gert ráð fyrir að umframgjöld á þessum lið, 23 milljónir króna, falli niður.

	í þ.kr.
Fjárlög	40.000
Fjárukalög	300.000
Millifært v/launabóta	-338.855
Millifært v/rekstrarbóta	-21.931
Aðrar millifærslur*)	-2.400
Greiðslustaða í árslok	<u>-23.186</u>

*) Mengunarvarnabúnaður fyrir hafnir. Hækkun vegna gengisbreytinga.

Í fjárukalögunum var samþykkt í einu lagi undir þessum lið heimildin til að flytja allar óhafnar fjárveitingar og umframgjöld stofnana frá árinu 1992 til ársins 1993. Fjárheimildir einstakra stofnana voru síðan hækkaðar eða lækkaðar sem þessu nam.

Um hækkunir vegna launabóta er það að segja, að félagsmenn í aðildarfélögum BHMR fengu 1,7% launahækkun í mars 1993 sem gildi frá maí 1992. Hér var um að ræða sömu hækkun og aðrir launþegar höfðu áður fengið. Nokkrir starfshópar fengu sérstakar launahækkunir umfram það á árinu 1993, annaðhvort með úrskurði kjaradóms eða skv. kjarasamningum og kallaði það á hækkun fjárheimilda viðkomandi stofnana. Um er að ræða eftirtaldir hækkunir:

	<i>Í þ.kr.</i>
Til tollvarða skv. kjarasamningi (tók gildi 1. maí 1992)	8.281
Til dómara skv. úrskurði kjaradóms (tók gildi 1. des. 1993)	912
Til presta skv. úrskurði kjaradóms (tók gildi 1. júní 1993)	28.178
Til fangavarða skv. kjarasamningi (tók gildi 1. janúar 1993)	15.622
Til lögreglumanna skv. kjarasamningi (tók gildi 1. mars 1993)	72.469
Til sjúkraliða (gilti allt árið 1993)	28.455
	<u>153.917</u>

2) *Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum*

Á fjárlagaliðinn "09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum" er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af ákvæðum 6. gr. fjárlaga og útgjöldum sem ríkissjóður kann að verða að inna af hendi skv. sérlögum og ekki verða séð fyrir við fjárlagagerðina. Í fyrsta laga er ríkisstjórn og fjármálaráðherra í fjárlögum fengin heimild til að gera breytingar á fjárhæðum tekju- og gjaldamegin vegna nýrra laga og sérstakra ákvarðana. Í öðru lagi er hér áætlað fyrir kostnaði við eftirgjöf gjalda sem ekki er sérstaklega áætlað fyrir í fjárlögum. Í þriðja lagi eru heimildir til kaupa og sölu á fasteignum og öðrum eignum. Í sumum tilvikum er þá mælt fyrir um að söluandvirði eða hluti þess renni til ákveðinna verkefna. Loks er þessum lið ætlað að mæta skuldbindingum vegna yfirtekinna lána og samninga um uppgjör skulda.

	<i>Í þ.kr.</i>
Fjárlög	640.000
Millifært	-430.499
Greiðslustaða í árslok	<u>209.501</u>

Í fjárlögum fyrir 1993 nam fjárveiting á þessum lið samtals 640 milljónum króna. Út af honum voru millifærðar 430 milljónir króna. Í fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlagalaga er gert ráð fyrir að ónýtt fjárheimild, 210 milljónir króna, falli niður. Millifærslurnar sundurliðast með eftirtöldum hætti:

	<i>Í þ.kr.</i>
Veiðibætur vegna Hvítár, sbr. tl. 6.9 (fært á 09-971 Ríkisáb. og tjónabætur)	5.354

Kaup á "Húsinu" á Eyrarbakka, sbr. tl. 5.26 (fjárlög 1992, fært á 02-969 Ýmis stofnkostn. og viðhald)	11.250
Dómkröfur, sbr. 6.3 (fært á 09-999 Ýmislegt)	5.311
Þátttaka í stofnkostnaði vegna byggingar einangrunarstöðvar fyrir alisvín í Hrísey, sbr. tl. 6.16 (flutt á 04-288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög)	16.000
Uppgjör skulda v/hafna, sbr. tl. 6.12 og 6.14 (flutt á 10-333 Hafnamál)	9.079
Andvirði húseigna, sbr. 4.11 (flutt á 04-235 Landgræðsla ríkisins og 04-299 Búnaðarmál, ýmis verkefni)	15.000
Lokaframlag vegna framkvæmda við grunnskólabyggingu á Patreksfirði, sbr. tl. 6.15 (fært á 02-997 Uppgjör við sveitarfélög)	10.000
Sjúkraflutningar á Reykjavíkursvæðinu, sbr. tl. 6.4 (flutt á 08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt)	195.000
Dagblaðakaup sbr. tl. 6.1 (fært á 09-999 Ýmislegt)	14.300
Ýmis fasteignakaup (fært á 09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs)	149.205
Samtals	<u>430.499</u>

Tilvísanir eru í 6. gr. fjárlaga 1993 nema annað sé tekið fram.

3) Ríkisstjórnarákvarðanir

Í fjárlögum fyrir árið 1993 var nýr fjárlagaliður, "09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir" vegna framlaga sem ríkisstjórnin ráðstafar. Honum var skipt í fjögur viðfangsefni. Í fyrsta lagi er um að ræða 100 milljónir króna sem voru til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Sama fjárhæð var til ráðstöfunar vegna þessa árið 1992 en var þá færð á fjárlagalið launa- og verðlagsmála. Framlagi á þessum lið er "*ætlað að mæta ýmsum ófyrirséðum útgjöldum sem ekki teljast vera á ábyrgð einstakra ráðherra heldur ríkisstjórnarinnar allrar*" eins og segir í greinargerð með fjárlagafrumvarpi 1993. Önnur viðfangsefni sem færð voru undir þennan lið voru framlag vegna markaðsátaks í löndum EES, 50 milljónir króna, kostnaður við framkvæmd EES-samninga sem ekki var ljóst hvernig myndi skiptast á einstök ráðuneyti, 7 milljónir króna, og loks framlag vegna viðhaldsverkefna 100 milljónir króna. Samtals nam fjárveitingin 257 milljónum króna. Ráðstafað var 250 milljónum króna vegna ríkisstjórnarákvarðana eða 7 milljónum minna en fjárheimild var fyrir.

Í þ.kr.

Fjárlög	257.000
Millifært v/ríkisstjórnarákvarðana	-250.000

Greiðslustaða í árslok

7.000

Í fjárukalögum vegna 1993 sem samþykkt voru í desember s.l. voru m.a. veittar 15 milljónir króna til að stofnsetja lokaða meðferðardeild innan Unglingaheimilis ríkisins fyrir síbrotaunglinga (07-400) og 3 milljónir króna í styrk til reksturs þjónustumiðstöðvar Geðhjálp (07-999). Fjárheimild vegna þessara greiðslna var til bráðabirgða tekin af fjárlagalið 09-990.

Ríkisstjórnin tók á fundum sínum ákvörðun um ráðstöfun á fjárveitingu til að mæta ófyrirséðum útgjöldum. Framlög voru veitt til 36 verkefna, þar af voru 14 styrkir til ýmissa aðila samtals að fjárhæð 34 milljónir króna en 66 milljónum króna var ráðstafað til verkefna á vegum stofnana ríkisins.

<i>Í þ.kr.</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjárhæð</i>
Styrkir til utanaðkomandi aðila	14	34.000
Ráðstafað til ríkisstofnana	22	66.000
	36	100.000

Þann 30. mars á síðasta ári samþykkti ríkisstjórnin að skipa sérstakan starfshóp til að hafa umsjón með úthlutun styrkja til markaðsátaks í EES-löndum. Auglýst var eftir umsóknum um styrki með sérstakri áherslu á nýjungar og nýsköpunarstarf. Skyldi leitast við að styrkfjárhæð næmi að jafnaði um þriðjung af áætluðum kostnaði vegna verkefnis sem sótt var um styrk fyrir. Umsóknarfrestur rann út 1. ágúst 1993 og höfðu þá borist umsóknir frá 87 aðilum, samtals að fjárhæð 428 milljónir króna. Starfshópurinn skilaði tillögu til ríkisstjórnarinnar þar sem lagt var til að þeim 50 milljónum sem til ráðstöfunar voru yrði varið til að styrkja 33 verkefni. Ákveðið var að Útflutningsráð Íslands hefði eftirlit með því hvernig styrkirnir nýttust og ráðinu greiddar 1,4 milljónir króna vegna þess. Tillögur úthlutunarnefndarinnar voru síðan samþykktar á ríkisstjórnarfundum 28. september s.á.

Á fundi ríkisstjórnarinnar þann 16. febrúar 1993 var samþykkt tillaga forsætisráðherra um ráðstöfun fjárveitingar til viðhalds-vekefna. Samþykkt var að verja 71,5 milljón króna til ýmiskonar viðhalds og endurbóta á sjúkrahúsbyggingum, heilsugæslustöðvum og læknisbústöðum sem nánar voru tilgreindar í samþykkt ríkisstjórnarinnar. Þá var 20 milljónum króna ráðstafað til viðhalds

og breytinga á Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu. Á fundi ríkisstjórnarinnar þann 6. apríl var ákveðið að verja eftirstöðvum fjárlagaliðarins, 8,5 milljónum króna, til viðhalds á fæðingardeild Landspítalans.

Ekki reynist þörf fyrir þær 7 milljónir króna sem heimilt var að verja til framkvæmdar EES-samninga og er í fyrirbyggjandi fjáráukalögum lagt til að þær falli niður.

4) *Rekstrarhagræðing*

Það var eitt af markmiðum fjárlaga fyrir árið 1993 að ná fram hagræðingu í rekstri ríkisstofnana sem næmi 0,5% af launum og öðrum rekstrarútgjöldum. Alls var hér um að ræða nálægt 256 milljónum króna og var sú fjárhæð sett á sérstakan lið "950 Rekstrarhagræðing" undir hverju ráðuneyti. Fjárveitingunni skyldi aðeins varið til að stuðla að hagræðingu sem skilaði sér í minni útgjöldum ríkissjóðs á árinu 1993 eða síðar. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi 1993 eru dæmi um slík útgjöld talin aðkeypt ráðgjöf í sambandi við endurskipulagningu á rekstri stofnana, biðlaun þegar störf eru lögð niður o.s.frv. Sérstök nefnd, *Framkvæmdanefnd um sparnað og hagræðingu*, safnaði saman tillögum ráðuneyta um skiptingu á þessu fé og voru þær lagðar fyrir fjárlaganefnd Alþingis eins og mælt er fyrir um í 6. gr. fjárlaga (tl. 6.8). Í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár er þessi liður mun lægri en árið 1993 eða um 83 milljónir króna enda ekki færður nema hjá fimm ráðuneytum.

Fjárveitingar til rekstrarhagræðingar

<i>Í m. kr.</i>	<i>Fjárlög 1993</i>	<i>Ráðst. á aðra liði</i>	<i>Eftirst. fjárheim.</i>	<i>Fjárlög 1994</i>
Æðsta stjórn ríkisins	5,2	-5,2	0,0	---
Forsætisráðuneyti	1,4	-1,4	0,0	---
Menntamálaráðuneyti	49,8	-49,8	0,0	---
Utanríkisráðuneyti	5,7	-5,7	0,0	---
Landbúnaðarráðuneyti	7,5	-7,5	0,0	---
Sjávarútvegsráðuneyti	7,0	-7,0	0,0	---
Dóms- og kirkjum.rn.	26,4	-26,4	0,0	5,3
Félagsmálaráðuneyti	9,0	-9,0	0,0	9,6
Heilbr.- og trygg.m.rn.	105,1	-91,1	14,0	58,6
Fjármálaráðuneyti	16,0	-16,0	0,0	5,2
Samgönguráðuneyti	10,5	-10,5	0,0	4,5
Iðnaðarráðuneyti	5,8	-5,8	0,0	---
Viðskiptaráðuneyti	1,1	-1,1	0,0	---
Hagstofa Íslands	1,2	-1,2	0,0	---
Umhverfisráðuneyti	4,4	-4,4	0,0	---
Samtals	256,1	-242,1	14,0	83,2

Samþykkt var að við ráðstöfun fjárens skyldi leggja áherslu á eftirfarandi:

- Áður en ráðist verður í einstök verkefni verði gengið frá verklýsingu, þ.e. gerð grein fyrir tímaáætlun, markmiðum, vinnu-tilhögun og árangursmati, sbr. forskrift framkvæmda-nefndarinnar.
- Fjárveitingum til rekstrarhagræðingar verði haldið aðgreindum í bókhaldi og eingöngu varið til greiðslu biðlauna og aðkeyptrar þjónustu, t.d. ráðgjöf, tölvuvinnsla og prentun á kynningarefni. Þær verði m.ö.o. ekki notaðar til að greiða laun starfsmanna ráðuneyta og stofnana eða annan kostnað sem gert er ráð fyrir í fjárlögum.
- Ráðstöfun fjárens verði endurskoðuð að fjórum mánuðum liðnum og ríkisstjórn og fjárlaganefnd gerð grein fyrir mögulegum breytingum. Ef afgangur verður af fjárveitingu til einstakra verkefna er heimilt að færa hann á önnur verkefni. Ekki kemur til greina að nota afgang til að standa undir hallarekstri stofnana eða ráðuneyta.

- Framkvæmdanefndin fylgist náið með framgangi sparnaðar- og hagræðingarverkefna. Í því skyni geri ráðuneyti nefndinni grein fyrir hvernig einstök verkefni ganga. Ríkisstjórn verði ársfjórðungslega gerð grein fyrir framgangi hagræðingarátaksins.

Skipta má fjárveitingum skv. þessum lið eins og yfirlitið hér að neðan sýnir. Staða verkefna var þannig í nóvemberbyrjun að lokið var verkefnum fyrir samtals um 85 milljónir króna. Óhætt er að fullyrða að við úthlutun fjárveitingar á þessum lið hafi verið gengið út frá töluvert víðari skilgreiningu á rekstrarhagræðingu en fram kemur hér að ofan, þ.e. að eingöngu skyldi verja fénu til að greiða biðlaun og aðkeypta þjónustu.

I m.kr.

Endurskoðun á skipulagi og starfsháttum, hagræðing innan stofnana	76
Kaup á tækjum og hugbúnaði	53
Flutningur stofnana eða verkefna, sameining og samstarf	37
Biðlaun og starfslokasamningar	30
Útboð	12
Annað	48
	<hr/>
	256
	<hr/>

5) Ráðstöfunarfé

Hjá hverju ráðuneyti er sérstakur fjárlagaliður, "199/998 Ráðstöfunarfé", sem er til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun viðkomandi ráðherra. Samtals nam fjárhæð á þessum liðum um 80 milljónum króna í fjárlögum vegna 1993.

Ráðstöfunarfé ráðherra er varið með ýmsum hætti. Oft er fjárheimildin millifærð á aðalskrifstofu viðkomandi ráðuneytis en einnig þekkt að henni sé ráðstafað til hækkunar á fjárheimildum vegna styrkja og tilfallandi verkefna, s.s. á sér stað hjá menntamálaráðuneyti.

Í m. kr.	Fjárlög 1993	Ráðst. af ríkisstj.lið	Ráðst. á aðra liði	Eftir- stöðvar	Fjárlög 1994
Æðsta stjórn ríkisins	0,0			0,0	0,0
Forsætisráðuneyti	5,0		-5,0	0,0	5,0
Menntamálaráðuneyti	15,0	6,0	-21,0	0,0	18,0
Utanríkisráðuneyti	5,0	2,0	-7,0	0,0	5,0
Landbúnaðarráðuneyti	6,0		-6,0	0,0	6,0
Sjávarútvegsráðuneyti	3,0		-3,0	0,0	3,0
Dóms- og kirkjum.rn.	8,0		-8,0	0,0	8,0
Félagsmálaráðuneyti	5,0		-5,0	0,0	5,0
Heilbr.- og trygg.m.rn.	8,0		-8,0	0,0	8,0
Fjármálaráðuneyti	6,0		-6,0	0,0	6,0
Samgönguráðuneyti	4,0		-4,0	0,0	5,0
Iðnaðarráðuneyti	8,0		-8,0	0,0	8,0
Viðskiptaráðuneyti	3,0		-3,0	0,0	3,0
Hagstofa Íslands	0,0			0,0	0,0
Umhverfissráðuneyti	3,7	2,0	-5,7	0,0	3,7
	79,7	10,0	-89,7	0,0	83,7

6) Aðrar millifærslur á fjárheimildum

Hjá ákveðnum ráðuneytum, menntamálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti eru færðir sérstakir safnliðir vegna óskipts rekstrar, viðhalds og stofn-
kostnaðar stofnana. Helstu safnliðir af þessum toga á fjárlögum 1993 voru sem hér segir:

Aðrir helstu safnliðir á fjárlögum

Í m.kr.	Fjárlög	Gjaldf. á liðnum	Ráðst. á aðra liði, nettó
02-318 Alm. framhaldsskólar, viðhald og stofnk.	586,7	481,7	---
02-319 Framhaldsskólar, almennt	196,5	96,7	-87,4
02-720 Grunnskólar, almennt	200,7	85,1	-110,8
06-291 Húsnæði og búnaður dómstóla	142,1	115,3	3,0
06-390 Ýmis löggæslukostnaður	59,7	---	0,5
06-391 Húsnæði löggæslustofnana	15,2	12,5	---
06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsemb.	164,4	115,9	-34,5
06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna	125,3	113,4	-1,4
06-591 Fangelsisbyggingar	41,5	27,6	3,0
07-700 Málefni fatlaðra	111,6	44,4	-37,0
08-370 Sjúkrahús í Reykjavík	264,3	9,7	-295,3
08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir	331,1	422,8	61,9
08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	225,5	233,2	10,5
08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt	165,8	267,1	97,3
09-212 Skattamál, ýmis útgjöld	58,2	25,4	-14,6
	2.688,6	2.050,8	-404,8

Nokkuð mismunandi er hvort fjárheimildir eru millifærðar af safnliðum eða útgjöld bókuð beint á þá. Það er sérstaklega á stofn-
kostnaðarliði sem útgjöld eru bókuð beint.

Rökin fyrir notkun safnliða eru að ráðuneytin treysta sér ekki til að skipta fjárveitingum að fullu niður við fjárlagagerðina. Menntamálaráðuneytið annast sjálft umsýslu með byggingarframkvæmdum, en ekki einstakar stofnanir, og vill þ.a.l. hafa viðhalds- og stofn-
kostnaðarfé á sér fjárlagalið. Vegna umfangs safnliða hjá því ráðuneyti hefur það fengið heimild til að skrá sjálft millifærslur, en almennt sér fjármálaráðuneytið um að skrá allar breytingar á fjárheimildum.

Samanburður gjalda 1993 og 1992

Hækkun rekstrargjalda frá fyrra ári nam tæpum 2,3 milljörðum króna sem er um 2% hækkun. Að raungildi lækkuðu gjöldin um 1,6 milljarð króna eða 1,4%.

Samanburður gjalda milli ára eftir tegundum (janúar til desember)

Í m.kr.	Útkoma 1993	Útkoma 1992	Á verðl. 1993	Breyt.	%	Raun- breyt.	%
Laun	28.544	27.566	28.258	977	3,5	285	1,0
Önnur rek.gjöld	28.419	25.801	26.857	2.618	10,1	1.562	5,8
Tilfærslur	21.022	23.707	24.678	-2.685	-11,3	-3.656	-14,8
Almannatr.*)	25.640	25.767	26.414	-127	-0,5	-774	-2,9
Vaxtagjöld	9.732	8.346	8.839	1.386	16,6	893	10,1
Eignakaup	781	1.070	1.114	-290	-27,1	-334	-29,9
	114.137	112.258	116.161	1.879	1,7	-2.024	-1,7
Sértekjur	1.275	1.650	1.718	-376	-22,8	-443	-25,8
	112.863	110.608	114.443	2.255	2,0	-1.580	-1,4

*) Lífeyris-, sjúkra- og slysatryggingar.

Launakostnaður jókst um 285 milljónir króna á föstu verði eða um 1,0%. Greiddum ársverkum stofnana, sem launaskrifstofa ríkisins annast launavinnslu fyrir, fjölgaði óverulega á milli ára. Raunhækkun launa á milli ára stafar því af launahækkunum.

Önnur rekstrargjöld hækkuðu um 1,6 milljarða króna eða 5,8%. Má að stærstum hluta skýra það með auknu framlagi til Vegagerðar ríkisins.

Tilfærslu, aðrar en til almannatrygginga, lækkuðu um tæpa 3,7 milljarða króna eða 14,8%. Stafar það einkum af lægri útflutningsbótum og niðurgreiðslum en framlög vegna beinna greiðsla til búvöruframleiðenda sem einnig flokkast sem tilfærslur ná ekki að vega þá lækun upp. Þetta þýðir jafnframt að útgjöld landbúnaðar-ráðuneytis hækka en lækka hjá viðskiptaráðuneyti

Samanburður gjalda milli ára eftir ráðuneytum (janúar til desember)

Í m. kr.	Útkoma 1993	Útkoma 1992	Mism.	%
Æðsta stjórn ríkisins	1.106	1.040	66	6,4
Forsætisráðuneyti	379	346	33	9,5
Menntamálaráðuneyti	16.750	16.629	121	0,7
Utanríkisráðuneyti	1.584	1.453	131	9,0
Landbúnaðarráðuneyti	7.821	5.688	2.133	37,5
Sjávarútvegsráðuneyti	1.126	1.028	98	9,5
Dóms- og kirkjum.rn.	5.535	5.165	370	7,2
Félagsmálaráðuneyti	5.362	4.963	399	8,0
Heilbr.- og trygg.m.rn.	47.679	46.391	1.288	2,8
Fjármálaráðuneyti	14.133	13.142	991	7,5
Samgönguráðuneyti	9.398	7.824	1.574	20,1
Iðnaðarráðuneyti	1.029	1.011	18	1,8
Viðskiptaráðuneyti	171	5.197	-5.026	-96,7
Hagstofa Íslands	138	145	-7	-4,8
Umhverfisráðuneyti	652	586	66	11,2
	112.863	110.608	2.255	2,0

Stofnanir sem starfa að barnaverndarmálum voru í ársbyrjun 1993 fluttar frá menntamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis en greiðslur vegna þessa málaflokks námu 196 milljónum króna á árinu 1993. Helstu breytingar sem urðu á útgjöldum einstakra stofnana og verkefna voru annars eftirtaldar (miðað er við að útgjöld á viðkomandi fjárlagalið hafi hækkað eða lækkað um a.m.k. 100 milljónir króna):

Framlag til Vegagerðar ríkisins hækkaði um 1.759 milljónir króna eða 32% sem skýrist aðallega af sérstakri fjárveitingu til atvinnuskapandi framkvæmda að fjárhæð 1.550 milljónir og breyttri framsetningu fjárlaga en framlag vegna ferja og flóabáta var fært hjá Vegagerðinni á síðasta ári en ekki sýnt sem sérstakur fjárlagaliður eins og áður.

Vaxtagjöld ríkissjóðs hækkuðu um 1.759 milljónir króna eða 17%.

Útgjöld vegna lífeyristrygginga hækkuðu um 435 milljónir króna eða 3%. Hækkunin er í samræmi við almennar verðlagshækkunar milli ára.

Framlag til Ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota var 315 milljónir króna á síðasta ári. Þá voru útgjöld vegna ríkisábyrgðar á orlofslaun um 9 milljónir króna. Útgjöld vegna þessara mála árið 1992 voru hins vegar 327 milljónir króna.

Útgjöld á liðnum "08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt" hækkuðu um 207 milljónir króna, eða úr 60 milljónum í 267 milljónir. Stafar það bæði af breyttri framsetningu á þessum lið en fjárveiting til tækja og búnaðar heilsugæslustöðva í Reykjavík var færð á þennan lið á síðasta ár og eins vegna uppgjörs á sjúkraflutningum í Reykjavík.

Útgjöld til St. Jósefsspítala, Landakoti, hækkuðu um 191 milljón króna milli ára eða 22%. Þar af eru 100 milljónir króna vegna halla frá fyrri árum.

Útgjöld til framkvæmda við Þjóðarbókhöfðu hækkuðu um 189 milljónir króna sem er tvöföldum frá árinu áður. Framkvæmdir við Þjóðarbókhöfðu eru fjármagnaðar með tekjum af sérstökum eignarskatti (sbr. lög nr. 83/1989).

Framlag til Borgarspítalans hækkaði um 152 milljónir króna eða 6%. Hækkun umfram almennar verðlagsbreytingar stafar aðallega af fjölgun bráðavakta en vaktir sem St. Jósefsspítali, Landakoti sá áður um að gegna voru fluttar til Borgarspítalans í apríl 1992.

Framlag til hafnamála hækkaði um 134 milljónir króna eða 16%. Framlagið átti að vera óbreytt skv. fjárlögum en veitt var aukafjárveiting á síðasta ári til að flýta framkvæmdum við nokkrar hafnir.

Framlag til embættis lögreglustjórans í Reykjavík hækkaði um 128 milljónir króna eða 16%. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1993 kemur fram að útgjöld embættisins komi til með að hækka á árinu vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í hérðai sem leggi embættinu nýjar skyldur á herðar. Þá er þess að geta að launagjöld hækkuðu vegna breytinga sem gerðar voru á launakjörum lögreglumanna á síðasta ári.

Útgjöld Fiskistofu voru 161 milljón króna árið 1992 en 34 milljónir árið áður. Fiskistofa tók til starfa seint á árinu 1992 og

skýrir það lág útgjöld það ár. Hluti fjárveitinga sem áður runnu til aðalskrifstofu sjávarútvegsráðuneytis, Hafrannsóknastofnunar, Fiskifélags Íslands og Ríkismats sjávarafurða komu í hlut Fiskistofu þegar verkefni sem þessir aðilar höfðu sinnt voru flutt þangað. Stofnunin hefur einnig sértekjur af veiðieftirlitsgjaldi.

Framlag til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hækkaði um 103 milljónir króna eða 10% á milli ára.

Eftirtaldir fjárlagaliðir lækkuðu mest á milli árunna 1992 og 1993:

Útgjöld til sjúkratrygginga lækkuðu um 650 milljónir króna eða 6% á milli árunna 1992 og 1993.

Framlag á liðnum "10-322 Ferjur og flóabátar" var 432 milljónir króna árið 1992. Framlagið 1993 var fært á fjárlagalið Vegagerðarinnar.

Á árinu 1993 var framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna skert um 297 milljónir króna miðað við árið á undan. Lækkunin er 15%.

Útgjöld til ýmissa húsnæðisframkvæmda stjórnarráðsins lækkuðu um 280 milljónir króna eða 48%. Lækkunin starfar ekki síst af því að framkvæmdum við innréttingar og breytingar á húsnæði Héraðsdómstóls Reykjavíkur lauk á árinu 1992.

Útgjöld ríkissjóðs vegna uppbóta á lífeyri ríkisstarfsmanna lækkuðu um 230 milljónir króna eða 19%. Stafar það af breyttri framsetningu en með fjárlögum fyrir 1993 var ákveðið að stofnanir sem færðar eru í B-hluta ríkisreiknings bæru sjálf þennan kostnað vegna sinna starfsmanna í stað ríkissjóðs. Framlagið lækkaði einnig vegna lægri verðlagsbóta á lífeyri og aukinna vaxtatekna sjóðsins sem ganga að hluta á móti greiðsluskyldu ríkissjóðs.

Útgjöld sem færð voru til gjalda á fjárlagaliðinn "04-430 Sérstakar greiðslur í landbúnaði" árið 1993 lækkuðu um 202 milljónir króna miðað við árið á undan. Hlutfallslega er lækkunin 40%. Ástæður þessa eru minni niðurgreiðslur á nautgripa-, svína-, hrossa- og alifuglaafurðir.

Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna skertist á síðasta ári um 149 milljónir króna eða 14%. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi ársins kemur fram að lækkunin hafi ekki áhrif á lánveitingar til félagslegra íbúða heldur verði henni mætt með því að leggja niður hönnunardeild Húsnæðisstofnunar ríkisins og selja eignir hennar, hætta innheimtu skyldusparnaðar í þeirri mynd sem verið hefði og draga að öðru leyti úr rekstrarumfangi stofnunarinnar.

Útgjöld almannatrygginga og Atvinnuleysistryggingasjóðs

Ríkisendurskoðun hefur tekið saman yfirlit um greiðslur almannatrygginga á árinu 1992 og 1993 skv. reikningum Tryggingastofnunar. Alls lækkuðu greiðslur til almannatrygginga um 663 milljónir króna að raunvirði eða sem svarar til um 0,25% lækkunar milli árána 1992 og 1993.

Verðlag ársins 1993

Almannatryggingar Í m.kr.	Greitt 1993	Greitt 1992	Frávik	Frávik %
Lífeyrstryggingar	15.707	15.490	217	1,4
Sjúkratryggingar	9.683	10.618	-935	-8,8
Slysatryggingar	644	589	55	9,3
	26.034	26.697	-663	-2,5

Í fjárlögum var gert ráð fyrir að framlög til lífeyrstrygginga ykjust að raungildi um 1,1% og að útgjöld sjúkratrygginga lækkuðu um 700 milljónir króna. Niðurstöður talna ársins sýna að áform fjárlaga hafa gengið fram.

Greiðslur lífeyrstrygginga jukust um 217 milljónir króna að raunvirði milli árána 1991 og 1992 eða um 1,4%. Hækkun á einstökum bóttaliðum var þannig að lífeyrisgreiðslur hækkuðu um 340 milljónir króna, örorkugreiðslur 320 milljónir króna og barnalífeyrir 173 milljónir króna. Aftur á móti lækkuðu framlög til einstæðra foreldra um 558 milljónir króna.

Útgjöld lífeyrstrygginga á verðlagi ársins 1993

Lífeyrstryggingar í m.kr.	Greitt 1993	Greitt 1992	Frávik	Frávik %
Lífeyrisgreiðslur	9.833	9.493	340	3,6
Sjómannalífeyrir	74	87	-13	-14,9
Örorkugreiðslur	3.398	3.078	320	10,4
Barnalífeyrir	548	375	173	46,1
Ekkju- og ekklabætur	152	162	-10	-6,2
Framlög til einstæðra foreldra	265	823	-558	-67,8
Makabætur	31	33	-2	-6,1
Fæðingarorlof	1.231	1.233	-2	-0,2
Bifreiðastyrkir	134	149	-15	-10,1
Endurhæfingarlífeyrir	41	57	-16	-28,1
Lífeyrstryggingar alls	15.707	15.490	217	1,4

Greiðslur sjúkratrygginga lækkuðu um 935 milljónir króna milli árána 1992 og 1993 eða sem nemur 8,8% að raunvirði. Lækkun greiðslna kemur fram í flestum útgjaldaliðum. Vegna tannlækna-kostnaðar um 317 milljónir króna, í lyfjaútgjöldum 284 milljónir króna, læknakostnaði 180 milljónir króna og vegna hjálpartækja og útgjalda skv. 39. gr. tryggingarlaga 139 milljónir króna. Útgjöld sjúkratrygginga skiptast þannig:

Útgjöld sjúkratrygginga á verðlagi ársins 1993

Sjúkratryggingar í m.kr.	Greitt 1993	Greitt 1992	Frávik	Frávik %
Langlega, dagvist, daggjöld	2.303	2.303	0	0,0
Hjálpartæki	473	526	-53	-10,1
Útgjöld skv. 39. grein	362	448	-86	-19,2
Sjúkrakostnaður erlendis	190	262	-72	-27,5
Læknakostnaður	1.410	1.590	-180	-11,3
Tannlæknar	677	994	-317	-31,9
Sjúkrakostnaður innlendur	1.108	1.071	37	3,5
Lyf	2.604	2.888	-284	-9,8
Annað	556	536	20	3,7
Sjúkratryggingar alls	9.683	10.618	-935	-8,8

Í fjárlögum var stefnt að því að lækka framlög einkum vegna lækniskostnaðar, tannlæknakostnaðar og lyfja. Niðurstöður talna ársins 1993 sýna enn meiri lækkun en áformað var og svo til allir útgjaldaliðir sýna raunlækkun.

Greiðslur slysatrygginga jukust um 54 milljónir króna að raunvirði milli ára 1992 og 1993 eða um 9,3%. Nokkrar breytingar urðu á útgjöldum einstakra bótaflokka eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Útgjöld slysatrygginga á verðlagi ársins 1993

Slysatryggingar í m.kr.	Greitt 1993	Greitt 1992	Frávik	Frávik %
Stjórnendur bifreiða	217	187	30	16,0
Launþegar, sjómenn	189	182	7	3,8
Launþegar, aðrir en sjómenn	101	109	-8	-7,3
Bændur makar þeirra og börn	16	16	0	0,0
Sjúklingatryggingar	7	4	3	75,0
Annað	114	91	23	25,3
Slysatryggingar alls	644	589	55	9,3

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs jukust um 884 milljónir króna að raungildi milli ára 1992 og 1993 eða um 38,3%. Atvinnuleysisbætur urðu 692 milljónum króna hærri að raungildi milli ára. Framlag til sveitarfélaga skv. l. nr. 107/1992 nam 116 milljónum króna. Rekstrarkostnaður hækkaði um 41 milljón króna að raungildi milli ára 1992 og 1993.

Útgjöld atvinnuleysistrygginga á verðlagi ársins 1993

Atvinnuleysistryggingar í m.kr.	Greitt 1993	Greitt 1992	Frávik	Frávik %
Atvinnuleysisbætur	2.551	1.859	692	37,2
Framlög v/eftirlauna	323	333	-10	-3,0
Framlög til sveitarfél. l. 107/1992	116	0	116	0,0
Rekstrarkostnaður	124	83	41	49,4
Annað	81	36	45	125,0
Atvinnuleysistryggingar alls	3.195	2.311	884	38,3

Fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 1993 skiptist þannig:

	í m.kr.
Framlög ríkissjóðs	1.561
Framlög atvinnurekenda	604
Framlög sveitarfélaga skv. l. nr. 107/1992	500
Afborgun lána o.fl.	276
Kaup ríkissjóðs á verðbréfum sjóðsins	250
	<u>3.191</u>

Af framlögum sveitarfélaga sbr. l. nr. 107/1992 gengu 384 milljónir króna til greiðslu bóta. Þá var ákveðið að ríkissjóður keypti verðbréf sjóðsins að fjárhæð 250 milljónir króna í stað þess að veita sjóðnum bein framlög. Þær 449 milljónir króna sem ekki voru greiddar til Atvinnuleysistryggingasjóðs sbr. fjárlög og fjáráukalög ársins 1993 skýrast m.a. af því að framlög til verkefna hjá sveitarfélögum urðu minni en þau greiddu til sjóðsins og að ríkissjóður keypti verðbréf sjóðsins í stað þess að veita framlag til hans.

Launakostnaður ríkissjóðs árið 1993

Ársverkum hjá þeim A-hluta stofnunum sem starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins sér um launavinnslu fyrir fjölgaði um 12 frá fyrra ári. Heildarfjöldi reiknaðra ársverka var 18.238 til samanburðar við 18.226 á árinu 1992.

Þegar tekið hefur verið tillit til þess að á síðasta ári tók starfsmannaskrifstofan yfir launavinnslu fyrir sendiráð og fastanefndir Íslands erlendis og að Fasteignamat ríkisins tilheyrir nú B-hluta ríkissjóðs, nemur fjölgunin 31 ársverki. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu ársverka eftir uppruna árin 1992 og 1993.

Ársverk	1993	1992	Breyt. ársv.	Breyt. í %
Dagvinnulaun	15.136	15.152	- 16	- 0,1
Yfirvinna	3.102	3.074	28	0,9
	18.238	18.226	12	0,1
Sendiráð og Fast.mat	19		19	
	18.257	18.226	31	0,2

Launagjöld stofnana í A-hluta fjárlaga sem starfsmannaskrifstofan sér um afgreiðslu á námu 28,5 milljörðum króna á árinu. Af þeirri fjárhæð eru um 300 milljónir króna vegna samninga um afturvirkar launahækkunar. Að teknu tilliti til þeirra hækkana hafa launagjöld hækkað um 680 milljónir eða 2,5% frá fyrra ári. Hækkunin svarar að mestu til þeirrar meðalhækkunar sem varð á launum ríkisstarfsmanna á milli áranna, samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands.

Samanburður fjárlaga og fjárheimilda - sundurliðun (janúar til desember)

Í m. kr.	Fjárlög	Aukafjár- veiting	Fært frá fyrra ári	Launa- bætur	Rekstrar- bætur	Rekstrar- hagræð.	Ríkisstj.- liður	Aðrar millif.	Fjárheim. alls
Æðsta stjórn ríkisins	1.083	20	49	0	0	0	0	0	1.151
Forsætisráðuneyti	305	65	15	1	0	0	40	0	425
Menntamálaráðuneyti	16.842	213	356	42	0	-1	13	21	17.486
Utánríkisráðuneyti	1.539	-2	33	19	20	0	68	0	1.678
Landbúnaðarráðuneyti	7.449	369	181	4	0	0	2	33	8.037
Sjávarútvegsráðuneyti	812	335	30	4	0	0	4	3	1.187
Dóms- og kirkjum.rn.	5.390	58	132	197	0	-1	2	-5	5.773 *)
Félagsmálaráðuneyti	4.859	328	144	2	0	-1	26	-18	5.340
Heilbr.- og trygg.m.rn.	46.146	1.843	-4	54	0	-4	91	195	48.321
Fjármálaráðuneyti	15.512	31	160	-331	-22	9	-267	-241	14.850 *)
Samgönguráðuneyti	9.173	109	103	1	2	0	11	9	9.407
Iðnaðarráðuneyti	993	15	0	3	0	-2	5	1	1.015
Viðskiptaráðuneyti	173	0	8	1	0	1	0	0	182
Hagstofa Íslands	146	0	2	1	0	0	0	0	148
Umhverfissráðuneyti	594	44	11	3	0	0	7	2	661
	111.015	3.428	1.219	0	0	0	0	0	115.662

*) Millifært 7.700 þús. af 09-250 og 09-481 á 06-490 eftir að greiðsluuppgjör Ríkisbókhalds var gert.

Samanburður fjárlaga og fjárheimilda - ónýttar aukafjárveitingar (janúar til desember)

Í m. kr.	Fjárlög	Milli- færslur	Fjárh. án aukafj.v.	Útkoma	Vöntun fjárheim.	Fært frá fyrra ári	Önnur aukafj.v.	Aukafj.v. samtals	Ónýtt aukafj.v.*)
Æðsta stjórn ríkisins	1.083	0	1.083	1.106	23	49	20	68	45
Forsætisráðuneyti	305	40	345	379	34	15	65	80	46
Menntamálaráðuneyti	16.842	75	16.917	16.750	-167	356	213	569	736
Utanríkisráðuneyti	1.539	108	1.647	1.584	-63	33	-2	31	94
Landbúnaðarráðuneyti	7.449	38	7.487	7.821	334	181	369	550	216
Sjávarútvegsráðuneyti	812	10	822	1.126	304	30	335	365	61
Dóms- og kirkjum.rn.	5.390	193	5.583	5.535	-48	132	58	190	238
Félagsmálaráðuneyti	4.859	9	4.868	5.362	494	144	328	472	-22
Heilbr.- og trygg.m.rn.	46.146	336	46.482	47.679	1.197	-4	1.843	1.840	643
Fjármálaráðuneyti	15.512	-852	14.660	14.133	-527	160	31	191	718
Samgönguráðuneyti	9.173	22	9.196	9.398	202	103	109	212	9
Iðnaðarráðuneyti	993	7	1.000	1.029	29	0	15	15	-15
Viðskiptaráðuneyti	173	2	174	171	-4	8	0	8	12
Hagstofa Íslands	146	1	146	138	-8	2	0	2	10
Umhverfissráðuneyti	594	12	606	652	46	11	44	55	9
	111.015	0	111.015	112.863	1.848	1.219	3.428	4.647	2.800

*) Samþykkt aukafjárveiting umfram það sem vantaði upp á fjárheimild ráðuneytis á árinu m.v. útkomu.